

Flensborgarskóli
02 352

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Flensborgarskóli
kt. 611175-1919
Hringbraut 10, 220 Hafnarfirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Flensborgarskólinn er fjölbrautaskóli sem starfar eftir áfangakerfi. Skólinn á sér langa og merka sögu allt aftur á 19. öld, en frá árinu 1975 hefur hann verið framhaldsskóli. Flensborgarskólinn er með elstu starfandi skólum á Íslandi, en hann hefur tekið margvíslegum breytingum á langri ævi. Hann var upphaflega stofnaður sem barnaskóli árið 1877, en var breytt í "alþýðu-og gagnfræðaskóla" fimm árum síðar eða árið 1882, en við það ártal hefur aldur skólans oftast verið miðaður.

Í dag er Flensborgarskólinn bóknámsskóli sem leggur áherslu á nám til stúdentsprófs af félagsvísinda-, raunvísinda- og viðskipta- og hagfræðibraut, auk opinnar námsbrautar þar sem nemendur geta hannað sína eigin námsbraut úr námsframboði skólans. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námsörðugleika.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.258,4 milljónir og afkoma kr. -96,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -109,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 46,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Flensborgarskóla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Flensborgarskóla fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.203.269.600	1.215.883.290
Seld þjónusta	3	36.690.101	35.357.509
Framlög og ýmsar tekjur	4	8.678.045	10.226.438
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.802.141	7.596.191
Tekjur samtals		<u>1.258.439.887</u>	<u>1.269.063.428</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	977.367.600	972.905.129
Annar rekstrarkostnaður	6	367.630.395	342.789.459
Afskriftir	7	9.802.141	7.596.191
Gjöld samtals		<u>1.354.800.136</u>	<u>1.323.290.779</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(96.360.249)	(54.227.351)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(46.954)	(62.519)
		<u>(46.954)</u>	<u>(62.519)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(96.407.203)</u></u>	<u><u>(54.289.870)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		30.462.869	31.082.037
Farartæki og vélar		1.240.025	1.409.453
Aðrar eignir		1.418.037	1.444.326
Fastafjármunir samtals		<u>33.120.931</u>	<u>33.935.816</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	252.000
Tengdir aðilar	9	550.000	45.598.496
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	2.104.326	2.024.788
Handbært fé	11	11.046.062	3.342.707
Veltufjármunir samtals		<u>13.700.388</u>	<u>51.217.991</u>
Eignir samtals		<u>46.821.319</u>	<u>85.153.807</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		(109.462.878)	(13.055.675)
Eigið fé samtals		<u>(109.462.878)</u>	<u>(13.055.675)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	72.425.679	920.161
Viðskiptaskuldir		17.488.000	24.198.587
Ýmsar skammtímaskuldir	13	44.112.433	52.330.508
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	22.258.085	20.760.226
Skuldir samtals		<u>156.284.197</u>	<u>98.209.482</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>46.821.319</u>	<u>85.153.807</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(96.407.203)	(54.289.870)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	9.802.141	7.596.191
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(9.802.141)	(7.596.191)
		<u>(96.407.203)</u>	<u>(54.289.870)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		172.462	(926.158)
Tengdir aðilar		118.866.758	25.821.413
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(14.928.662)	11.610.434
		<u>104.110.558</u>	<u>36.505.689</u>
		<u>7.703.355</u>	<u>(17.784.181)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(8.987.256)	(2.765.786)
		<u>(8.987.256)</u>	<u>(2.765.786)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		8.987.256	2.765.786
		<u>8.987.256</u>	<u>2.765.786</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		7.703.355	(17.784.181)
		<u>3.342.707</u>	<u>21.126.888</u>
		<u>11.046.062</u>	<u>3.342.707</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/ 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.203.269.600	1.215.883.290
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.802.141	7.596.191
	<u>1.213.071.741</u>	<u>1.223.479.481</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.137.200.000	0	0	1.137.200.000
Launabætur	8.400.000	0	0	8.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	57.669.600	0	0	57.669.600
Fjárveiting til tekna	1.203.269.600	0	0	1.203.269.600
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.299.676.803)	0	0	(1.299.676.803)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(96.407.203)	0	0	(96.407.203)

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Verksala	420.500	522.725
Sala á vöru og þjónustu	7.836.000	8.400.000
Vörusala II	11.491.720	11.730.200
Ýmsar þjónustutekjur	502.242	161.895
Veitinga- og gistipjónusta	15.911.639	14.162.689
Fræðslustarfsemi og fundir	528.000	380.000
	<u>36.690.101</u>	<u>35.357.509</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	1.414.201	1.530.430
Kostnaðarhlutdeild	2.076.472	3.787.613
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	2.940.000	1.975.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.707.367	2.631.495
Ýmsar tekjur	540.005	301.900
	<u>8.678.045</u>	<u>10.226.438</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	796.429.076	787.963.618
Orlof, breyting	(3.437.375)	4.571.374
Launatengd gjöld	180.741.693	176.870.340
Starfsmannakostnaður	3.634.206	3.499.797
	<u>977.367.600</u>	<u>972.905.129</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	78,8	82,5
------------------------------	------	------

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.880.969	1.984.214
Ýmis tæki og áhöld	945.058	1.014.611
Varahlutir og viðhaldsvörur	14.865	0
Orkugjafar	11.532.065	10.986.510
Matvæli	14.654.017	13.549.947
Almennar rekstrarvörur	2.749.915	2.607.896
Vörukaup, almenn	31.776.889	30.143.178
Kennslu- og fönurvörur	1.845.336	1.760.411
Ýmsar sérgreindar vörur	0	78.745
Vörukaup, sérgreind	1.845.336	1.839.156
Fundir, námskeið, risna	1.220.178	1.671.652
Ferðir, uppihald	3.223.587	1.647.879
Akstur	629.492	550.964
Sérfræðiþjónusta	29.714.592	29.172.714
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	230.351	233.331
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	668.422	1.055.793
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	424.183	420.347
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	36.110.805	34.752.680
Samningsbundin kaup og leiga	3.108.300	3.108.300
Afnotagjöld	4.164.502	3.641.554
Leigugjöld	262.173.372	245.476.553
Notkun véla og flutningatækja	1.550.051	819.063
Verkkaup	20.291.478	17.147.131
Kostnaðarhlutdeild	6.110.118	5.556.413
Áhættutap og bætur	56.012	0
Tryggingar, lögboðnar	9.374	8.761
Opinber gjöld	153.158	149.470
Tilfærslur	281.000	147.200
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	297.897.365	276.054.445
Annar rekstrarkostnaður samtals	367.630.395	342.789.459
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	9.606.424	7.400.474
Farartæki og vélar	169.428	169.428
Aðrar eignir	26.289	26.289
	9.802.141	7.596.191

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	30.462.869	31.082.037
Farartæki og vélar	1.240.025	1.409.453
Aðrar eignir	1.418.037	1.444.326
	<u>33.120.931</u>	<u>33.935.816</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	90.475.847	1.694.296	1.650.989	93.821.132
Viðbætur á árinu	8.987.256	0	0	8.987.256
	<u>99.463.103</u>	<u>1.694.296</u>	<u>1.650.989</u>	<u>102.808.388</u>
Afskriftir 01.01.2022	59.393.810	284.843	206.663	59.885.316
Afskrift ársins	9.606.424	169.428	26.289	9.802.141
	<u>69.000.234</u>	<u>454.271</u>	<u>232.952</u>	<u>69.687.457</u>
Staða 31.12.2022	<u>30.462.869</u>	<u>1.240.025</u>	<u>1.418.037</u>	<u>33.120.931</u>

31.12.2022 31.12.2021

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	44.148.496
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	550.000	1.450.000
	<u>550.000</u>	<u>45.598.496</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	72.079.945	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	345.734	920.161
	<u>72.425.679</u>	<u>920.161</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	315.430	492.510
Skattar	1.788.896	1.532.278
	<u>2.104.326</u>	<u>2.024.788</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	38.173	32.550
Tékkareikningar	11.007.889	3.310.157
	<u>11.046.062</u>	<u>3.342.707</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(13.055.675)	41.234.195
Afkoma ársins	(96.407.203)	(54.289.870)
Jöfnuður 31.12.	<u>(109.462.878)</u>	<u>(13.055.675)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	43.973.995	47.411.370
Önnur ógreidd gjöld	138.438	4.919.138
	<u>44.112.433</u>	<u>52.330.508</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	33.120.931	33.935.816
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(10.862.846)	(13.175.590)
	<u>22.258.085</u>	<u>20.760.226</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	33.935.816	(13.175.590)	20.760.226
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	11.300.000	11.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.987.256	(8.987.256)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(9.802.141)	0	(9.802.141)
	<u>33.120.931</u>	<u>(10.862.846)</u>	<u>22.258.085</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 8,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðinn tíma, ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga og einnig ótímabundna aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 285,6 milljónum, vegna reksrtar- og þjónustusamninga kr. 21,4 milljónum og vegna annarra samninga kr. 31,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru á hvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.